

REGLUGJÖRD

fyrir

Ræktunarsjóð Íslands.**72**
19. sept.

1. gr.

Tilgangur Ræktunarsjóðs Íslands er að efla ræktun landsins og stuðla að bættum húsakynnum í sveitum. Í þessu skyni veitir hann lán með hagstæðum kjörum, til jarðræktar í sveitum og við kaптún og kaupstaði og til húsa-bóta í sveitum.

2. gr.

Starfsfje sjóðsins er höfuðstóll sá, er ríkið leggur honum til, samkv. 2. gr. sbr. 6. gr. laga nr. 17, 13. júní 1925, svo og það fje, er inn kemur fyrir seld jarðræktarbrjef.

3. gr.

Ræktunarsjóður gefur út vaxtabrjef, er nefnast jarðræktarbrjef. Þau skulu gefin út til handhafa, en heimilt er að nafnskrá þau í bókum sjóðsins. Brjefin eru því aðeins skuldbindandi fyrir sjóðinn, að þau sjeu undirrituð af fjármálaráðherra og 2 stjórnendum Ræktunarsjóðs.

Vaxtabrjefin skulu gefin út í flokkum. Ákveður stjórn sjóðsins, hvenær lokið skuli hverjum flokki, en það skal ætíð gert áður en liðin eru 8 ár frá því er flokkurinn var opnaður.

Aldrei má vera meira í umferð af vaxtabrjefum en nemur sexfaldri upphæð höfuðstóls Ræktunarsjóðs.

Ef meira er gefið út um stundarsakir af vaxtabrjefum en nemur þeirri fjárhæð, sem Ræktunarsjóður á í veðskuldabrjefum, er bera jafnháa vexti og vaxtabrjefin, þá skal geyma andvirði mismunarins í Landsbankanum, uns því verður varið til útlána samkvæmt tilgangi Ræktunarsjóðsins.

4. gr.

Upphæð jarðræktarbrjefa skal vera 100 kr., 500 kr., 1000 kr., 5000 kr. og 10,000 kr. og bera 100 kr. brjefin bókstafsmerkið „A“, 500 kr. brjefin bókstafsmerkið „B“ o. s. frv. Brjefin innan hvers bókstafsmerkis skulu merkt áframhaldandi tölum. Ásamt vaxtabrjefunum skal afhenda stofna með vaxtamiðum fyrir öll árin til þess, er innlausn brjefanna í þeim flokki á að vera lokið. Útdrátt úr reglugerð þessari skal prenta á brjefin.

72

19. sept.

5. gr.

Af jarðræktarbrjefunum skal á ári hverju svara vöxtum þeim, sem ákveðnir verða fyrir hvern flokk brjefanna sjerstaklega. Vextirnir eru greiddir tvisvar á ári, 2. janúar og 1. júlí, með helming upphæðar í hvort skifti, gegn afhendingu vaxtamiðans. Vaxtamiðar, sem fallnir eru í gjalddaga, skulu innleystir í afgreiðslu Ræktunarsjóðs, í Landsbanka Íslands og útbúum hans. Þeir skulu gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum til ríkissjóðs og einnig skulu gjaldheimtumenn ríkissjóðs innleysa þá, ef þeir hafa til þess nægjanlegt fje, sem greiða á í ríkissjóð.

Sjerstaka auglýsingu skal gefa út í Lögbirtingablaðinu um tilhögun vaxtagreiðslu í hvert skifti sem nýr flokkur vaxtabrjefa er opnaður.

6. gr.

Til kostnaðar við rekstur Ræktunarsjóðs leggur ríkissjóður 10 þús. kr. árlega í þrjú fyrstu árin, og úr því fer upphæðin minkandi um 1000 kr. árlega, uns tillag þetta fellur burtu.

Ræktunarsjóður er undanþeginn öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis og sveitarfjelaga. Svo á hann og rjett á að fá ókeypis eigna- og veðbókavottorð fyrir sjálfan sig.

7. gr.

Leggja skal í varasjóð tekjuafgang þann, sem kann að verða samkvæmt árlegum reikningsskilum sjóðsins, eftir að 3½% ársvextir af höfuðstólnum hafa verið lagðir við hann, þangað til varasjóðurinn er orðinn 15% af upphæð höfuðstóls. Þar eftir er stjórn sjóðsins skylt að leggja í varasjóð svo mikið af tekjuafganginum, sem þarf til þess að varasjóður haldi áfram að vera 15% af höfuðstólnum, en þann tekjuafgang, sem þar er fram yfir, má leggja við höfuðstólinn.

Fje varasjóðs má stjórn sjóðsins ekki nota til útlána, heldur skal það ávaxtað á innlánsskírteinum eða með sparissjóðskjörum í Landsbanka Íslands, eða í annari tryggri peningastofnun, ef ráðherra samþykkir.

Af varasjóði skal greiða tap, er Ræktunarsjóður kann að verða fyrir vegna útlána.

8. gr.

Til tryggingar vaxtabrjefum Ræktunarsjóðs er:

1. Skuldabrjef þau, er Ræktunarsjóður fær frá lántakendum og fje það, er hann kann að eiga í Landsbankanum, samkvæmt 3. gr.
2. Varasjóður Ræktunarsjóðs.
3. Höfuðstóll Ræktunarsjóðs.
4. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til trygginganna, skal það gert í þeirri röð, sem að fram-
an greinir...

9. gr.

72

Fje Ræktunarsjóðs má eingöngu lána til jarðræktar og til húsagerðar á býlum í sveit. 19. sept.

Þær jarðræktarframkvæmdir, sem lán verða sjerstaklega veitt til, eru þessar:

1. Áburðarhús og safnþrær.
2. Túnasljettun, túnaukning og framræsla til túngræðslu.
3. Matjurtagarðar og girðingar um þá.
4. Engjaáveitur og framræsla vegna þeirra.
5. Girðingar um tún, engi og haga.
6. Vegir til heimilisnotkunar, við yrkingu og nýtingu jarðargróða.
7. Vatnsveitur í bæjarhús og peningshús í sveitum, hvort sem veitt er heitu vatni eða köldu.
8. Rafmagnsstöðvar, er framleiði rafmagn úr vatnsafli eingöngu til heimilisnotkunar.

Til hinna tveggja síðastnefndu tegunda mannvirkja má ekki lán veita fyrir en mannvirkinu er að fullu lokið og reynsla fengin fyrir að þau komi að tilætluðum notum, enda samsvari þau jörðinni að verði.

Lán til húsagerðar má veita til að gera íbúðarhús, peningshús, heyllöður og önnur geymsluhús úr varanlegu efni, er samsvara jörðinni sem bændabýli að stærð og verði, en venjulega verður þess krafist, að jarðabætur sjeu áður gerðar á býlinu, eftir því sem stjórn Ræktunarsjóðs telur hæfilegt.

Eigi verður lán veitt til jarðabóta eða húsabóta, sem eru eldri en frá 1924 og síðan ekki til eldri umbóta en þriggja ára.

10. gr.

Upphæð lána má nema alt að $\frac{3}{5}$ virðingarverðs þeirra jarðabóta og alt að helmingi virðingarverðs þeirra húsa og mannvirkja samkv. 7. og 8. lið 9. greinar, sem lánin eru veitt til. Ef styrkur er veittur af opinberu fje til mannvirkis, má upphæð lánsins að viðbættum styrknum eigi fara fram úr $\frac{2}{3}$ virðingarverðs mannvirkisins. Að jafnaði koma lán eigi til útborgunar fyrir en jarðabót eða hús, sem lánað er til, er fullgert.

Virðingarverð fullgerðra jarðabóta og húsa skal ákveða þannig:

- a. Jarðabætur, þar á meðal áburðarhús, safnþrær og girðingar, skulu mældar af þeim mönnum og á þann hátt, sem tiltekið er í reglugerð þeirri, er á hverjum tíma gildir um stjórn ræktunarmála og styrk úr ríkissjóði til jarðyrkju, og metnar til dagsverka á þann hátt, er þar segir. Stjórn Ræktunarsjóðs ákveður árlega einingarverð hvers jarðabótadagsverks að peningatali, og reiknar út virðingarverð jarðabótanna eftir dagsverkatalu og einingarverði dagsverka, sem þá er.

Stjórn Ræktunarsjóðs er þó heimilt að láta fram fara sjerstaka virðingargerð á hverri jarðabót, ef henni þykir ástæða til, af tveim innanhjer-

72
19. sept.

aðsmönnum, er hún kveður til þess, og að leggja þá virðingargerð til grundvallar við ákvörðun lánsupphæðarinnar.

- b. Hús og mannvirki, sem ekki eru talin í jarðabótaskýrslum, skulu virt til peningaverðs af tveim mönnum, sem stjórn Ræktunarsjóðs kveður til þess, eftir reglum, sem hún setur þar um.

Kostnað við virðingargerð samkvæmt a. og b. lið greiðir lántakandi.

11. gr.

Þegar sjerstakar ástæður eru fyrir hendi, má veita lán úr Ræktunarsjóði til útborgunar að nokkru eða öllu leyti meðan verkið stendur yfir, ef fullnægjandi veð eða trygging er sett fyrir láninu. Skal þá lánbeiðandi senda stjórn Ræktunarsjóðs, ásamt með lánbeiðni sinni, lýsingu á mannvirkinu, með uppdráttum til skýringar ef þörf þykir, kostnaðaráætlun og áætlun um arð af endurbót eða verðhækkun vegna hennar. Skylt er lántakanda þá að ljúka við mannvirkið innan þess tíma, er stjórn Ræktunarsjóðs tiltekur, og aldrei má lengri vera en 5 ár. Þegar þannig stendur á, skal sjóðstjórnin fela kunnugum og hæfum manni að hafa eftirlit með framkvæmd verksins og ber lántakanda að endurgreiða Ræktunarsjóði þann kostnað, sem eftirlitið hefir í för með sjer. Þegar mannvirkinu er lokið, fer fram mæling og virðing á því á þann hátt, sem segir í 10. gr.

Ef mannvirkinu er ekki lokið innan tiltekins tíma, eða það er ver af hendi leyst en til var skilið, er sjóðstjórninni heimilt að segja láninu upp fyrirvaralaust.

12. gr.

Lán má veita gegn þessum tryggingum:

- Gegn fasteignaveði. Heimilt er að lána allt að $\frac{3}{5}$ af virðingarverði veðsins gegn 1. veðrjetti. Lána má gegn síðari veðrjetti ef eigi hvíla veðskuldir til annara en banka eða opinberra sjóða á eigninni á undan veðrjetti þeim er Ræktunarsjóður fær, enda fari samanlögð upphæð lánsins úr Ræktunarsjóði og þeirra lána, er þannig hvíla á eigninni með veðrjetti á undan Ræktunarsjóði, eigi fram úr $\frac{3}{5}$ af virðingarverði veðsins.
- Gegn afgjaldskvöð á býlum leiguliða á þjóðjörðum, kirkjujörðum og öðrum jörðum ríkisins, svo og á jörðum sveitarfjelaga, enda hafi leiguliði lífstíðar- eða erfðaábúð og lánið sje honum veitt til umbóta á býlinu sjálfu.
- Gegn ábyrgð sýslufjelaga eða hreppsfjelaga, að áskildu lögmaeltu samþykki æðri stjórnarvalda.

13. gr.

Veðhæfi fasteigna, sem settar eru að tryggingu fyrir lánnum úr Ræktunarsjóði, má miða við fasteignamat, enda fylgi þá lánbeiðninni vottorð frá

hlutaðeigandi hreppstjóra eða bæjarstjóra um að eignin liggi ekki undir skemdum eða hafi gengið úr sjer síðan fasteignamat síðast fór fram. Ef um- **72**
bætur á fasteigninni, sem láns er beiðst til, eða áður hefir verið veitt lán til **19. sept.**
úr Ræktunarsjóði, eru fullgjörðar og hafa verið framkvæmdar eftir að síð-
asta fasteignamat fór fram, og eigi komið til greina við fasteignamatið, þá
bætist virðingarverð þeirra samkvæmt 10. gr. við fasteignamatsupphæðina.

Nú eru meira en 3 ár liðin frá því er fasteignamat fór fram, og vill
annaðhvort lánbeiðandi eða stjórn Ræktunarsjóðs eigi una því að virðingar-
verð veðsins sje ákveðið sem að ofan segir, og skal þá fasteignin virt til
þeningaverðs af tveim mönnum, sem stjórn Ræktunarsjóðs kveður til, á kostn-
að lánbeiðanda og eftir þeim reglum, sem hún setur.

14. gr.

Þegar lán er veitt samkvæmt 11. gr. með útborgun að nokkru eða öllu
leyti, meðan verkið stendur yfir, til umbóta á hinni veðsettu fasteign, má
telja virðingarverð umbótarinnar til viðbótar við fasteignamatsverð, er ákveða
skal veðhæfi fasteignarinnar. Þegar þannig stendur á, má þó aldrei borga
meira út af láninu meðan verkið stendur yfir en svo, að eignin eins og endur-
bótinni er komið á hverjum tíma sje nægileg trygging fyrir skuldinni, sam-
kvæmt 12. gr.

15. gr.

Leiguliði hefir því aðeins rjett til að fá slíka afgangskvöð, sem um
ræðir í b.-lið 12. gr., lagða á býli sitt, að hann hafi á býlinu sjálfu, gert vel
unnar og varanlegar umbætur, sem auka notagildi þess að ráði. Verðmæti um-
bótanna skal ákveða á þann hátt er segir í 10. gr. Nákvæm lýsing á umbótun-
um skal fylgja lánbeiðni. Ef sjerstök virðingargerð er framkvæmd samkv.
10. gr., þá skal í henni sjerstaklega greina hve mikla hækkun á afgangi eftir
býlið umbæturnar ættu að hafa í för með sjer og má afgangskvöðin eigi nema
meira en $\frac{3}{5}$ af áætlaðri hækkun á eftirgjaldinu. Afgangskvöðin skal samsvara
árgjaldinu af láninu og skal hún haldast uns lánið er að fullu greitt. Af-
gangskvöðin hefir samskonar forgangsrjett fyrir öllum veðskuldum, sem op-
inberir skattar, sem lagðir eru á fasteignir.

16. gr.

Ef leiguliði á býli, sem afgangskvöð hefir löglega verið lögð á, van-
rækir að greiða afgangið á rjettum gjalddaga, hefir hann fyrirvaralaust fyrir-
gert ábúðarrjetti sínum. Stjórn Ræktunarsjóðs skal innan tveggja mánaða
frá gjalddaga tilkynna landeiganda greiðsluráttinn og gefa honum kost á
að inna greiðsluna af hendi. Hafi landeigandi eigi innan þriggja mánaða frá
þeim tíma int greiðslu af hendi, er stjórn Ræktunarsjóðs heimilt að byggja
leiguliða út og leigja jörðina öðrum, þann tíma, sem afgangskvöðin varir.

72 Heimilt er þá án tryggingar að kyrsetja fjármuni fráfaranda til lúkningar
 19 sept ógreiddu afgjaldi. Við byggingu jarðarinnar af nýju ber stjórn Ræktunarsjóðs
 eða trúnaðarmanni hennar að gæta hagsmuna landsdrottins, og ef auðið er,
 að leigja hana fyrir svo hátt afgjald, að landsdrottinn tapi engu af eftir-
 gjaldi sínu.

17. gr.

Verð húsa á jörðum þeim, er Ræktunarsjóður tekur að veði, verður því
 aðeins talið til virðingarverðs jarðarinnar, að þau sjeu vátrygð í vátrygg-
 ingarstofnun, er stjórn Ræktunarsjóðs tekur gilda.

18. gr.

Lántakandi skal á hverjum 5 ára fresti eða oftar. ef stjórn Ræktunar-
 sjóðs krefst þess, sýna skilríki frá trúnaðarmanni Búnaðarfjelags Íslands, eða
 öðrum þeim, er stjórn Ræktunarsjóðs tekur gilda, fyrir því, að jarðabót, bygg-
 ingu eða öðru mannvirki, sem lán hefir verið veitt til, hafi verið vel við
 haldið og að veðið hafi ekki gengið úr sjer. Ef slík skilríki eru eigi í tje lát-
 in þrátt fyrir kröfu Ræktunarsjóðs, eða það kemur í ljós, að mannvirki hefir
 verið illa við haldið eða veðið rýrnað að marki, er heimilt að segja láninu
 upp til greiðslu að nokkru eða öllu leyti.

19. gr.

Ræktunarsjóður veitir ekki lægri lán en kr. 300,00 og eigi hærri til ein-
 stakrar fasteignar en kr. 25,000,00. Gegn afgjaldskvöð á einstakri fasteign
 má eigi lána meira en kr. 10,000,00 nema sjerstakar ástæður sjeu fyrir hendi
 og landeigandi samþykki, og þá aldrei meira en kr. 25,000,00.

Lánstíminn má vera sem hjer segir:

- a. Til matjurtagarða 5 ár.
- b. Til girðinga, vega, veitugarða, vatnsveituskurða, framræslu vegna áveitu,
 vatnsveitu og rafmagnsstöðva, 10 ár.
- c. Til túnræktar og framræslu vegna hennar og til áburðarhúsa og safn-
 gryfja, 20 ár.
- d. Til íbúðarhúsa, peningshúsa og hlöðubygginga alt að 25 árum.

Af lánun samkvæmt staflíð a. og b. skal greiða afborganir frá upphafi,
 en lán samkvæmt staflíð c. og d. mega vera afborgunarlaus 4 fyrstu árin, ef
 stjórn Ræktunarsjóðs samþykkir.

Nú er lán veitt í einu lagi til mannvirkja, er falla undir mismunandi
 staflíði hjer að ofan, og ákveður þá stjórn sjóðsins lánstímann með hliðsjón
 af framangreindum ákvæðun.

20. gr.

Lán þau, er Ræktunarsjóðurinn veitir, má hann greiða í vaxtabrjefun
 sjóðsins eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefir rjett til að heimta, að

Ræktunarsjóðurinn annist endurgjaldslaust um að koma þeim í peninga svo sem þau ganga best, en borga verður hann kostnað þann, sem af því leiðir, svo og afföll. Ræktunarsjóðurinn hefir þó jafnan rjett til að greiða lánin í peningum með þeirri upphæð, sem hann getur fengið fyrir vaxtabrjefin, eða þau hafa verið seld fyrir, að frádragnum öllum beinum kostnaði. 72
19. sept.

21. gr.

Nú verða eigandaskifti að fasteign, sem er veðsett Ræktunarsjóði, eða sem afgjaldskvöð hvílir á, til tryggingar láni úr Ræktunarsjóði, er sjóðstjórninni heimilt að heimta lánið endurgreitt að meira eða minna leyti. Vilji hinn nýi eigandi taka lánið að sjer, skal hann leita samþykkis sjóðstjórnarinnar til þess, sanna henni eignarheimild sína og láta henni í tje þær upplýsingar, sem hún kann að krefjast í hvert sinn. Samþykki stjórnin skuldaryfirfærsluna skal síðari eigandinn taka að sjer lánið með áritun á skuldabrjefið sjálft eða með sjerstakri yfirlýsingu, sem þá varðveitist með láns skjölunum.

22. gr.

Lánun þeim, er Ræktunarsjóður veitir, má ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu skyldum þeim, er hann hefir undirgengist. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á rjettum gjalddaga, eða ef veðið gengur úr sjer, svo að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur eigi vátrygðum húsum, sem að veði eru og talin eru með í matinu, eða falli á veðið skattar, gjöld eða veðkröfur, er ganga fyrir kröfum Ræktunarsjóðs, eða nýr eigandi eða ábúandi vanrækir að taka lánið að sjer, er stjórn Ræktunarsjóðsins heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga þegar án uppsagnar.

23. gr.

Skuldunautar Ræktunarsjóðs skulu greiða vexti, afborganir og tillag til að borga kostnað við sjóðinn, ef um það er að ræða, með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga, sbr. þó ákvæði 19. gr. um lán, sem mega vera afborgunarlaus fyrstu 4 árin. Gjaldalagi allra lána Ræktunarsjóðs skal vera 15. nóvember ár hvert. Lán, sem veitt eru á öðrum tíma árs en nefndum gjalddaga, teljast veitt á næsta gjalddaga á undan. Vextir og kostnaðargjald greiðist þó hlutfallslega aðeins fyrir þann tíma, sem líður frá því að lánið var útborgað til næsta gjalddaga. Dráttarvextir greiðast ekki, ef greiðsla er int af hendi fyrir 31. desember. Dragist greiðsla fram yfir þann tíma, ber skuldunaut að greiða í dráttarvexti 1% af árgjaldinu fyrir hvern mánuð frá gjalddaga til greiðsludags, og skal þá sá mánuður, sem komið er fram í, teljast sem heill.

Um þau lán, sem veitt hafa verið úr Ræktunarsjóði áður en reglugjörð þessi öðlast gildi, fer eftir ákvæðum skuldabrjefanna fyrir þeim lánun.

72

19. sept.

Hver lántakandi skal greiða $\frac{1}{2}\%$ af lásupphæð sinni í varasjóð, um leið og hann tekur lánið.

24. gr.

25. gr.

Árlegt tillag til að borga kostnað við sjóðinn og til varasjóðs, er $\frac{1}{2}\%$ á ári af upphæð lánsins eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Gjald þetta fellur burtu, ef vextir þess flokks, sem lánið er veitt úr, eru 6% eða hærri; og ef vextirnir eru milli $5\frac{1}{2}\%$ og 6%, færast gjaldið niður hlutfallslega, svo að vextirnir að viðbættu gjaldinu fari ekki fram úr 6%. Á ákveðnum gjald-
dögum má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborg-
anir af skuld sinni, þó eigi minna en 100 kr. í einu, eða endurborga hana
að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með vaxtabrjefum þess flokks Rækt-
unarsjóðsins, er lán hans var veitt úr, eftir ákvæðisverði þeirra. Á öðrum
tímum árs má og borga lán að fullu, ef stjórn Ræktunarsjóðsins samþykkir, þó
því aðeins, að það sje sjóðnum að skaðlausu.

26. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, sem greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, af lánunum þeim, sem veitt hafa verið vegna sölu vaxta-
brjefa, skal varið til að innleysa vaxtabrjef þau, er Ræktunarsjóður hefir gefið
út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefir umsjón með, og fer fram í
febrúarmánuði næsta eftir gjalddagann, í viðurvist tveggja manna. Annan
kveður fjármálaráðherra til þess, hinn stjórn sjóðsins. Útdráttur vaxtabrjefa
fer fram í fyrsta sinn í febrúar 1927 og eftir það í febrúarmánuði ár hvert.
Þá er hlutkesti hefir farið fram, skal auglýsa með 8 mánaða fyrirvara töl-
urnar á vaxtabrjefum þeim, er út hafa verið dregin til innlausnar, og að
þau verði útborguð 2. jan. næsta eftir útdráttinn. Auglýsinguna skal birta
tvisvar í Lögbirtingablaðinu svo og í erlendum blöðum, ef stjórn sjóðsins telur
ástæðu til.

27. gr.

Handhafar eða eigendur vaxtabrjefa þeirra, er innleysa skal, geta, gegn
því að afhenda þau með vaxtamiðum þeim, er þeim fylgja, fengið útborgaðan
höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og greiðast engir vextir af höfuð-
stólnum upp frá því. Útborgun fer fram einungis í afgreiðslu Ræktunarsjóðs,
nema aðrar ráðstafanir sjeu sjerstaklega auglýstar.

28. gr.

Höfuðstóll og vaxtafje, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, renn-
ar í varasjóð Ræktunarsjóðs, sje þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga.

29. gr.

72

19. sept.

Lánbeiðni til Ræktunarsjóðs skulu fylgja þau skilríki, er hjer segir:

- A. Sje að ræða um lán gegn veði í fasteign:
1. Eignar- og veðbókarvottorð frá hlutaðeigandi valdsmanni.
 2. Útskrift af síðustu fasteignamatsvirðingu á eigninni.
 3. Vottorð hlutaðeigandi hreppstjóra eða bæjarstjóra um, að eign sú, er veðsetja á, liggi ekki undir skemdum eða hafi gengið úr sjer, síðan fasteignamat var framkvæmt.
 4. Mæling þess trúnaðarmanns Búnaðarfjelags Íslands, sem löggiltur er til jarðabótamælinga á svæði lánbeiðanda og útreikningur hans á dagsverkatölu jarðabóta, sem láns er beiðst til.
 5. Virðingargerð samkvæmt 10. gr. b. á húsum, sem láns er beiðst til, og virðingargerð samkvæmt 10. gr. a., ef stjórn Ræktunarsjóðs hefir krafist þess.
 6. Sjerstök virðingargerð á veðinu, ef lánbeiðandi eða stjórn Ræktunarsjóðs hefir samkvæmt 13. gr. ákveðið að slík virðing fari fram.
 7. Brunabótaskírteini, ef hús eru innifalin í veði.
- Sje að ræða um lán til útborgunar meðan á framkvæmd stendur, skal í stað skjala þeirra, er talin voru í 4. og 5. lið, senda lýsingu þá ásamt uppdráttum, áætlun um kostnað og áætlun um arð, sem segir í 11. gr., alt gjört af hæfum og óvilhöllum manni.
- B. Sje að ræða um lán gegn ábyrgð sýslu- eða sveitarfjelaga:
1. Útskrift úr fundabók hlutaðeiganda, er sýni, að löglega hafi verið frá ábyrgðinni gengið, og sje útskriftin staðfest af hlutaðeigandi yfirvaldi.
 2. Vottorð yfirvalds um, hverjir sjeu í sveitarstjórn eða sýslunefnd þeirri, er hlut á að máli.
 3. Samþykki hlutaðeigandi æðra stjórnarvalds fyrir ábyrgðinni.
 4. Skýrslu um efnahag þess sýslu- eða sveitarfjelags, sem ábyrgðina tekst á hendur (fjárhagsreikningur).
 5. Mælingar og virðingargerðir á endurbótinni, samkv. því, sem segir í A. 4. og 5.
- C. Ef um er að ræða lán gegn afgangskvöð á jörð, sem er eign hins opinbera:
1. Eignarvottorð frá hlutaðeigandi yfirvaldi.
 2. Vottorð hlutaðeigandi yfirvalds um, að lántakandi hafi erfða- eða lífstíðarábúð á býlinu.
 3. Mælingar og virðingargerðir á endurbótinni, samkvæmt því, sem segir í 15. gr.
 4. Samþykki landeiganda, ef lánsupphæð er hærri en 10,000 kr.

Loks skal lántakandi láta í tje þau nánari skilríki, sem stjórn Ræktunarsjóðs kann að krefjast í hvert sinn.

72

19. sept.

30. gr.
Ræktunarsjóður getur hvenær sem er krafði sýslu- eða sveitarfjelög, sem standa í ábyrgð fyrir lánum við sjóðinn, um skýrslu um eignir þeirra og efnahag og upplýsingar um alt það, er máli getur skift um tryggingu lána.

31. gr.

Í stjórn Ræktunarsjóðs eiga sæti 3 menn, framkvæmdarstjóri og 2 gæslustjórar. Framkvæmdarstjóri hefir á hendi allar aðalframkvæmdir sjóðsins, sjer um lánveitingar, annast sölu vaxtabrjefa, brjefaskriftir o. s. frv. Bera skal hann þó undir meðstjórnendum sína sjerhverja lánveitingu, svo og sölu vaxtabrjefa, ef um verulegar upphæðir er að ræða og yfirleitt gefa þeim kost á að fylgjast með í allri starfsemi sjóðsins. Gæslustjórar skulu líta eftir, að framkvæmdarstjóri fylgi í starfi sínu Ræktunarsjóðslögunum og reglugjörð þessari og gefa skýrslu til ráðherra, ef þeim þykir misbrestur á. Þeir skulu og án sjerstaks endurgjalds, eftir samkomulagi sín á milli, gegna störfum framkvæmdarstjóra í forföllum hans. nema um langvarandi forföll sje að ræða. Viðtalstími stjórnar skal ákveðinn í samráði við ráðherra og auglýstur eftir því sem þörf þykir.

32. gr.

Rísi ágreiningur innan stjórnar sjóðsins um eitthvert málefni, ræður atkvæðafjöldi. Þó má framkvæmdarstjóri, ef hann álitur að einhver ákvörðun gæslustjórana sje þannig löguð, að sjóðurinn geti beðið tjón af, láta farast fyrir að framkvæma hana, en hann má aldrei framkvæma neitt það, er báðir gæslustjórnarnir hafa neitað að leggja samþykki sitt á.

33. gr.

Reikningsár Ræktunarsjóðs er almanaksárið. Svo fljótt sem verða má eftir áramót skulu reikningar sjóðsins gerðir upp. Stjórn Ræktunarsjóðs í heild sinni hefir ábyrgð á, að þeir sjeu rjettir. Meðan Landsbankinn hefir á hendi afgreiðslu Ræktunarsjóðs, skulu endurskoðendur Landsbankans einnig hafa á hendi endurskoðun reikninga Ræktunarsjóðs og fá þeir fyrir það 250 kr. aukabóknun hvor á ári. Endurskoðendur skulu hafa vakandi auga á, að lögum og reglugjörð Ræktunarsjóðs sje á allan hátt fylgt.

Ráðherra úrskurðar ársreikninga sjóðsins og skulu þeir birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

34. gr.

Ræktunarsjóður tekur til starfa eftir reglugjörð þessari 1. okt. 1925.

35. gr.

72

Um 1. flokk vaxtabrjefa Ræktunarsjóðs eru sett þessi ákvæði sjerstaklega: 19. sept.

Vextir brjefanna skulu vera 5½%.

Innlausn vaxtabrjefanna skal lokið í síðasta lagi árið 1955.

Vextir af skuldabrjefum til Ræktunarsjóðs skulu vera 5½% meðan lán eru veitt vegna sölu vaxtabrjefa úr 1. flokki.

Fjármálaráðuneytið, 19. sept. 1924.

Jón Þorláksson.

Gíslí Ísleifsson.

REGLUGJÖRÐ

73

19. sept.

um

hundahald í **Siglufjarðarkaupstað.**

1. gr.

Á kaupstaðarlóð Siglufjarðarkaupstaðar er öllum bannað að hafa hunda, en annarsstaðar í lögsagnarumdæminu og ábúendum Hafnar og Hvanneyrar getur lögreglustjóri SiSglufjarðar leyft þarfahunda, og skal hver hundeigandi hlíta ákvæðum reglugjörðar um hreinsun hunda af bandormum í lögsagnarumdæmi Siglufjarðarkaupstaðar, frá 2. mars 1920.

2. gr.

Þeim, sem nú hafa hunda, má lögreglustjóri Siglufjarðar leyfa þá óþarfa hunda, sem nú eru.

3. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 100 til 1000 kr., og er hver hundur rjettdræpur, sem finst í lögsagnarumdæminu, ef ekki er fengin heimild fyrir hann, nema hann sje í fylgd ferðamanns.

4. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. janúar 1926 og skal leyfi lögreglustjóra fyrir þarfahunda fengið fyrir þann dag.